

## Greinargerð

### Áhættumat siglinga vegna fiskeldis í Öfundarfirði

ÍS 47 ehf. hefur látið vinna áhættumöt siglinga vegna þriggja fyrirhugaðra fiskeldissvæða í Öfundarfirði. Áhættumötin voru unnin af ráðgjafa á vegum ÍS 47 í samráði við Vegagerðina sem lét ráðgjafan einnig í té ýmis gögn eins og öldukort, útreikning á lágmarksbreidd siglingaleiðar, siglingaferla og upplýsingar úr gagnagrunni sjóslysa.

Eftirfarandi er greinargerð Vegagerðar um unnið áhættumat sem skilað var inn á vegum ÍS 47 til Vegagerðar vegna fyrirhugaðra eldissvæða.

#### 1. Hundsá

Fiskeldissvæðið Hundsá er staðsett utarlega í Öfundarfirði þar sem kennialda er undir 3 m 98% af tímanum. Enginn vitageiri nær inn í fjörðinn og er því eldissvæðið ekki innan hvíts ljósgeira. Umferð skipa um svæðið er mjög takmörkuð, en þó var árið 2022 siglt inn á svæðið á skemmtiferðaskipum, litlum fiskiskipum og þjónustubátum fiskeldis. Eitt skemmtiferðaskip fór inn á svæðið 2022.

Reiknuð lágmarksbreidd siglingaleiðarinnar í þessum hluta fjarðarins skv. hönnunarleiðbeiningum PIANC er 230 metrar fyrir tvöfalda siglingaleið og 140 m fyrir einfalda siglingaleið að teknu tilliti til umferðar minni skipa. Þessir útreikningar taka tillit til allra ytri aðstæðna á siglingaleiðinni og miðast við að 26 metra breitt skemmtiferðaskip komist örugglega inn fjörðinn, en stærstu skip sem sigla þar í dag eru 22 metra breið. Að teknu tilliti til þessara þátta er hæfilegt varúðarsvæði metið 50 metrar, eins og reglugerð um fiskeldi kveður á um.

Breidd siglingaleiðarinnar milli Hundsár og fiskeldissvæðisins við Ingjaldssand er 2.550 m þar sem það er þengst. Breidd siglingaleiðarinnar að 20 m dýptarlínu sunnan megin í firðinum er 1.475 m þar sem hún er þengst. Ljóst er að fiskeldissvæðið þengir ekki um of að siglingaleiðinni og varúðarsvæðinu.

#### 2. Ingjaldssandur

Fiskeldissvæðið við Ingjaldssand er staðsett utarlega í Öfundarfirði þar sem ölduhæð er undir 4 m 98% af tímanum. Enginn vitageiri nær inn í fjörðinn og er því eldissvæðið ekki innan hvíts ljósgeira. Umferð skipa um svæðið er mjög takmörkuð, en þó var siglt inn á svæðið 2022 á skemmtiferðaskipum, litlum fiskiskipum og þjónustubátum fiskeldis. Eitt flutningaskip og tvö skemmtiferðaskip sigldu inn á norðanvert svæðið árið 2022.



Reiknuð lágmarksbreidd siglingaleiðarinnar í þessum hluta fjarðarins skv. hönnunarleiðbeiningum PIANC er 230 metrar fyrir tvöfalda siglingaleið og 140 m fyrir einfalda siglingaleið. Þessir útreikningar taka tillit til allra ytri aðstæðna á siglingaleiðinni og miðast við að 26 metra breitt skemmtiferðaskip geti siglt örugglega inn fjörðinn, en stærstu skip sem sigla þar í dag eru 22 metra breið.

Breidd siglingaleiðarinnar milli Ingjaldssands og fiskeldissvæðisins við Hundsá er 2.550 m þar sem hún er þregst. Að teknu tilliti til þessara þátta er hæfilegt varúðarsvæði metið 50 metrar, eins og reglugerð um fiskeldi kveður á um. Ljóst er að staðsetning á fiskeldissvæðinu mun ekki þregja um of að siglingaleiðinni og varúðarsvæðinu.

### 3. Valþjófsdalur

Fiskeldissvæðið við Valþjófsdal er staðsett innarlega í Önundarfirði þar sem kennialda er undir 1,6 m 98% af tímanum. Enginn vitageiri nær inn í fjörðinn og er því eldissvæðið ekki innan hvíts ljósgeira. Umferð skipa um svæðið er mjög takmörkuð, og aðeins 12 fiskiskip sem silgdu inn fyrir jaðar fiskeldis svæðisins árið 2022.

Reiknuð lágmarksbreidd siglingaleiðarinnar í þessum hluta fjarðarins skv. hönnunarleiðbeiningum PIANC er 180 metrar fyrir tvöfalda siglingaleið og 110 m fyrir einfalda siglingaleið. Þessir útreikningar taka tillit til allra ytri aðstæðna á siglingaleiðinni og miðast við að 26 metra breitt skemmtiferðaskip komist örugglega inn fjörðinn, en stærstu skip sem sigla þar í dag eru 22 metra breið.

Breidd siglingaleiðarinnar milli fiskeldissvæðisins við Valþjófsdals og 20 m dýptarlínunnar norðan megin í firðinum er 1.150 m þar sem hún er þregst. Ljóst er að fiskeldissvæðið þregir ekki um of af siglingaleiðinni og varúðarsvæði.

Að teknu tilliti til þessara þátta er hæfilegt varúðarsvæði metið 50 metrar eins og reglugerð um fiskeldi kveður á um.

### 4. Niðurstaða

Eftir skoðun á ofangreindu eru fyrirhugaðar staðsetningar fiskeldissvæða ÍS 47 í Önundarfirði ekki talin ógna siglingaöryggi, svo fremi þau sé rétt færð inn á sjókort og merkingar séu í samræmi við 35.gr og viðauka V í reglugerð nr 540/2020 um fiskeldi. Breidd mögulegrar siglingaleiðar þar sem fiskeldissvæðin eru fyrirhuguð verður áfram margföld lágmarksbreidd siglingaleiðar samkvæmt hönnunarleiðbeiningum frá PIANC.

Ávallt skal hafa samráð við Vegagerðina um gerð og staðsetningu merkja í samræmi við lög nr. 132/1999 um vitamál og rekstraradili skal hafa verklag um eftirlit og viðhald merkinga.